

skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 110.000. Samkvæmt 100 gr. laga nr. 76/1970 skulu net þau, sem ákærði notaði til veiðanna, upptæk gerð til ríkissjóðs, eins og krafist er í ákæru.

#### Dómsorð:

Ákærði, Jakob Gísli Ágústsson, greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 110.000.

Þrjú net, er ákærði notaði til silungsveiða hinn 17. júlí 1978, eru upptæk til ríkissjóðs.

Mánudaginn 1. júní 1981.

Nr. 108/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Gunnlaugi Eggertssyni**

(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Brot gegn lögum um lax- og silungsveiði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdóm kvað upp Arngrímur Ísberg, fulltrúi sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

Ríkissaksóknari krefst þess, „að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, en dómsorð í héraði staðfest“.

Verjandi krefst sýknu af kröfum ákærvalds í málinu.

Atferli ákærða er lýst í héraðsdómi. Varðar það við 1.

málsgr. 14. gr. laga nr. 76/1970, og er það fullframið brot, og enn fremur við 2. málsgr. 15. gr. sömu laga, en fallist er á úrlausn héraðsdóms um, að 1. málsgr. 19. gr. laganna verði hér eigi beitt. Ber að ákveða refsingu samkvæmt 97. gr. laga nr. 76/1970 og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður refsing héraðsdóms staðfest, þó svo, að sekt verði 1.000.00 nýjar krónur, skilorðsbundin, eins og þar greinir, og vararefsing 7 daga varðhald. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sektarrefsing verði 1.000.00 nýjar krónur og vararefsing 7 daga varðhald.

Ákærði, Gunnlaugur Eggertsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómsslögmanns, 1.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 19. febrúar 1980.**

Mál þetta, sem dómtekið var þann 5. febrúar sl., er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu þann 16. október sl., á hendur Gunnlaugi Eggertssyni, bónda á Sauða í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, fyrir að hafa mánudaginn 6. ágúst 1979 haft net í sjó fyrir landi Sauðár, 398 metra frá ósi Hamarsár, og veitt lax í netið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 14. gr., 2. mgr. 15. gr., 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. (sic), sbr. 97. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til þess að þola upptöku nets og lax, sem í það veiddist og hald var lagt á,

samkvæmt 100. gr. fyrrnefndra laga og til greiðslu alls sakar-kostnaðar.

Ákærði er fæddur að Sauðadalsá í Kirkjuhvammshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu þann 5. júní 1907 og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru sem hér skal greina: Mánudaginn 6. ágúst 1979 voru veiðieftirlitsmaðurinn í Húnavatnssýslu, Konráð Eggertsson, og veiðieftirlitsmaðurinn með veiði við vatnasvæði Miðfjarðarár og Víðidalsár, Örn Sævar Eyjólfsson, á eftirlitsferð um vestanvert Vatnsnes. Þeir komu að Sauða og sáu bóndann þar, Gunnlaug Eggertsson, vera að koma frá skeri, sem er beint undan bænum, skammt frá landi og heitir Stórasker. Gunnlaugur er ákærði í máli þessu. Frá skerinu lá net, og viðurkenndi ákærði að hafa verið að leggja það. Hann féllst á að aðstoða veiðiverði við að ná netinu, og fór Örn Sævar með honum út í skerið. Í netinu var einn lax, hrygna, er vó 3.1 kg. Veiðiverðir lögðu hald á net og lax og afhentu sýslumanni.

Samkvæmt mælingu veiðieftirlitsmanna var netið 45.5 metra langt, 3.5 metra djúpt, og möskvar voru 7 sentimetrar mældir á legg, en það mun samsvara  $2\frac{3}{4}$ ".

Áðurgreindir veiðiverðir höfðu áður skrifað skýrslu um netalögn við Stórasker, en treystu sér þá ekki til frekari aðgerða, töldu netið þó ólöglegt. Netatökuna þann 6. ágúst 1979 virðast þeir byggja á því, að netið hafi legið á friðunartíma þeim, er greindur er í 19. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970.

Að beiðni dómara málsins mældu 2 lögreglumenn fjarlægðina frá Hamarsósi að Stóraskeri. Ósinn mældist 30 metra breiður, og fjarlægðin úr honum miðjum í mitt skerið var 398 metrar, mælt eftir fjöruborðinu, en 289 metrar, ef mæld var bein lína á milli sömu punkta. Ákærði var viðstaddur mælingarnar og samþykkti niðurstöður þeirra.

Lögreglumennirnir hafa staðfest skýrslu sína hér fyrir dóm-inum.

Einnig hafa áðurgreindir veiðieftirlitsmenn komið fyrir dóm og staðfest skýrslur sínar. Þeir kváðu lax þann, er í netinu var, ekki hafa verið lífvænlegan og því tilgangslaust að sleppa honum aftur í sjó. Þeir kváðust einnig hafa tekið hann sem sönnunargagn og til að sýna fram á, hversu hættuleg net sem þessi eru laxinum.

Þann 7. ágúst 1979 ritaði ákærði sýslumanni Húnavatnssýslu svohljóðandi bréf: „Ég undirritaður kæri hér með yfir töku ýsunets, af þeim Erni Eyjólfssyni og Konráði Eggertssyni, þann 6.

ágúst 1979. Óska hér með eftir, að þessu ýsuneti verði skilað tafarlaust“.

Ákærði kom fyrst fyrir sakadóm þann 21. ágúst 1979. Hann viðurkenndi að eiga umrætt net og væri það ýsunet. Hann kvaðst hafa lagt netið fyrir sínu landi daginn, sem veiðiverðir lögðu hald á það. Í netið kvaðst hann veiða lax og stóran silung, einnig rauðmaga og fleiri fiska. Hann kvaðst nytja allan fisk, sem í netið kæmi, og kvaðst hafa talið þetta sér til tekna á skattframtali í mörg ár. Hafi veiðin verið ört vaxandi undanfarin ár, en þar væri bæði um veiði í sjó að ræða svo og í Hamarsá, sem ákærði á land að. Hamarsá er ekki leigð út, heldur nytjuð af eigendunum sjálfum. Ákærði tók fram, að hann legði net í átt að ánni, en ekki beint út.

Aftur kom ákærði fyrir sakadóm þann 2. október 1979. Honum var þá kynnt boð ríkissaksóknara um að ljúka málinu með dómsátt. Hann hafnaði því boði með þeim rökstuðningi, að hann ætti land það, er hann veiddi fyrir, og hafi gert lengi. Þar áður hefðu faðir hans og afi stundað veiðiskap á sama hátt og hann sem og gengnar kynslóðir á undan þeim. Sér væri ómögulegt að fallast á, að hér væri um lagabrot að ræða og fella þannig þessi hlunnindi undan jörðinni.

#### Niðurstöður.

Ákærði er í fyrsta lagi ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 14. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Undantekningarákvaði 3. mgr. 14. gr. sömu laga á ekki við um jörð hans. Hann hefur frá upphafi nefnt net það ýsunet, er veiðieftirlitsmenn lögðu hald á þann 6. ágúst 1979. En jafnframt hefur hann viðurkennt að hafa veitt í það lax. Raunar var lax þegar kominn í það, skammri stund eftir að ákærði hafði lagt það þann 6. ágúst sl. Hér skiptir ekki máli, hvaða nafn ákærði gefur neti sínu, heldur til hvers konar fiskveiða það dugir.

Verjandi ákærða hefur lagt fram vottorð frá Kristjáni Ó. Skagfjörð h/f, sem mun vera einn stærsti innflytjandi neta hérlendis. Þar kemur fram, að laxanet, lagnet, séu  $2\frac{1}{2}$ “— $2\frac{3}{4}$ “ mælt á legg. Net ákærða mældist  $2\frac{3}{4}$ “ á legg. Því má einnig bæta við, að al-kunna er, að óleyfileg laxveiði í sjó hér við land er helst stunduð með svonefndum „ýsunetum“.

Það verður því að líta svo á, að ákærði hafi lagt umrætt net fyrir lax þann 6. ágúst 1979. Ekki reyndi á, hvort ákærði vildi sleppa laxinum aftur í sjó eða nýta sér hann. Raunar greinir

hann og veiðieftirlitsmenn á um ástand laxins. Ákærði kveður hann hafa verið sprellifandi, en veiðieftirlitsmennirnir töldu hann ekki lífvænlegan. Það er því ekki hægt að líta svo á, að um fullframið brot á 1. mgr. 144. gr. laga nr. 76/1970 sé að ræða, heldur tilraun til þess, og ber að refsa ákærða fyrir það sem slíkt.

Í öðru lagi er ákærði ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 15. gr. laga nr. 76/1970. Ákvæði þetta verður að skilja á þann veg, að það banni hvers konar netalagnir á þeim tíma og innan þeirra marka, er þar greinir. Hafi löggjafinn ætlað sér að einskorða bannið við silunganet, svo sem verjandi ákærða heldur fram, hefði slíkt orðið að koma skýrt fram. Auk þess má nefna, að slíkt bann hefði komið að litlu gagni við friðun á laxi, og er þetta mál góð sönnun þess. Net ákærða lá innan við 400 metra frá ósi Hamarsár, og hefur hann með því að leggja það þar brotið gegn nefndu ákvæði.

Í þriðja lagi er ákærði ákærður fyrir brot gegn 1. mgr. 19. gr. sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970. Ákvæði þetta gengur venjulegast undir nafninu helgarfriðun. Svo sem rakið var, lagði ákærði net sitt of nálægt ósi Hamarsár þann 6. ágúst 1979. Þar eru allar netalagnir bannaðar á tímabilinu frá 1. mars til 1. október. Honum verður því ekki refsað sérstaklega fyrir brot gegn 1. mgr. 19. gr. greindra laga, þar sem 2. mgr. 15. gr. þykir tæma sök hans að þessu leyti.

Með framangreindu athæfi þykir ákærði hafa unnið til refsingar, er þykir hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs.

Ákærði er kominn yfir sjötugt. Hann hefur aldrei áður komist undir manna hendur, svo kunnugt sé. Hann er fæddur á Sauðadalsá, en Sauðá var skipt út úr þeirri jörð. Þarna hefur hann búið lengi og stundað sjávarveiði að mestu óáreittur. Að þessu athuguðu þykir mega skilorðsbinda refsinguna, og skal hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi hann aftur á móti skilorðið, afplánast sektin með 10 daga varðhaldi, greiðist hún ekki innan 4ra vikna, frá því að honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Samkvæmt framansögðu ber að gera upptækt til ríkissjóðs net ákærða, er veiðieftirlitsmenn lögðu hald á við Sauðá þann 6. ágúst 1979. Einnig ber að gera lax þann, er í því var, upptækan til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 350.000.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnlaugur Eggertsson, greiði krónur 100.000 í sekt til ríkissjóðs, en fresta skal fullnustu refsingar, og falli hún niður eftir 2 ár frá uppsögu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Rjúfi hann skilorðið, afplánast sektin með 10 daga varðhaldi, greiðist hún ekki innan 4ra vikna, frá því er honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 350.000.

Uptækt til ríkissjóðs skal vera net ákærða, er veiðieftirlitsmenn lögðu hald á við Sauða þann 6. ágúst 1979, sömu leiðis lax, er í því var.

---

Þriðjudaginn 2. júní 1981.

Nr. 185/1978. **Hafnarbíó h/f**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.)

gegn

**Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni**

**f. h. Les Films Corona**

**og gagnsök**

(sjálfur).

Skuldamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einars-son og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu, að fengnu áfrýj-unarleyfi 4. október 1978, með stefnu 30. s. m. og birtri 28. nóvember s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda gegn